

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Tálknafjarðarkauptúni.

I. kafli

Inngangur.

1. gr.

Tálknafjarðarhreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kaupsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

II. kafli

Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Sérhver eigandi íbúðar í Tálknafjarðarhreppi er skyldur til þess að sjá svo um að við húseign hans sé sorpgeymsla gerð fyrir sorppoka.

Sorppoka skal koma fyrir í grind eða skáp, enda uppfylli nefndur búnaður ákvæði byggingar- og heilbrigðisreglugerðar. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymslufláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Sorphirðumenn annast hreinsun á öllu sorpi sem er í pokum, einnig tilfallandi eðlilegum úrgangi, svo sem umbúðum af heimilistækjum og hlutum, sem rúmast illa í pokum, enda séu hlutir þessir auðveldir í meðförum fyrir einn mann.

4. gr.

Í sorppoka má setja algengt húsasorp, svo sem matarleifar, umbúðir, ónýtan fatnað, blöð og pappír og affall af lóðum annað en mold, torf og grjót. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka, sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni. hverju húsi skal fylgja a. m. k. einn poki fyrir hverja íbúð. Í fjölbýlishúsum með sérstakar sorpgeymslur sé frágangur allur með samþykki heilbrigðisfulltrúa og uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar. Yfirfyllta poka verður húseigandi eða umráðamaður húsnæðis að flytja á eigin kostnað á sorphaugana.

5. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Tálknafjarðarhreppur leggur til einn sorppoka fyrir hverja viku ársins, eða jafnmarga og húseigandi kann að nota að öllu jöfnu, enda greiði notandi sorphreinsunargjald fyrir sama fjölda sbr. 8. gr. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða í áhaldahúsi bæjarins.

6. gr.

Allt það sorp, sem eigi verður látið í poka eða sem hirða þarf örur en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast sjálfir á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

III. kafli

Hreinsun á sorpi frá verslunar- og iðnaðarfyrirtækjum.

7. gr.

Verslunar- og iðnaðarfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur í 2., 3. og 4. gr. þessarar samþykktar, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allur flutningur á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Tálknafjarðarhrepps skal framkvæmdur eftir ströngustu fyrirmælum starfsmanna hreppsins og þrífnaður í hávegum hafður. Þau fyrirtæki sem hafa gáma í stað poka, skulu haga gerð og útbúnaði gámanna í samráði við sorphreinsunaraðila sbr. 1. gr. í hverju tilviki fyrir sig. Gámar þeir, sem notaðir verða metast sem ákveðin pokagildi, og greiðir viðkomandi fyrir þann fjölda sbr. 8. gr.

IV. kafli

Sorphreinsigjald, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.

8. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps sbr. 5. gr. þessarar samþykktar greiðist af sveitarsjóði, þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sorphreinsigjald eftir nánari ákvörðun hverju sinni, er miðist við fjölda þeirra sorpgrinda/skápa er húseigandi notar. Sorphreinsigjald sem hreppsnefnd ákveður í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir skal lagt á með fasteignagjöldum og innheimt með þeim. Sorphreinsigjald verði aldrei herra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

9. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

10. gr.

Brjótí húseigandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjóra eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast í því að húseigandi bæti ráð sitt. Bæti húseigandi ekki úr innan ákveðins tíma eru sorphirðumenn ekki skyldugir til að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um brot á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að ræða skal heilbrigðisnefnd gera viðeigandi ráðstafanir til þess að húseigandi bæti úr. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

11. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

V. kafli

Gildistaka.

12. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi við birtingu hlutaðeigandi til eftirbreytni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. maí 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.